

## **Stjórnarfundur Prentsöguseturs 10.06. 2021**

**Fundarstaður:** Prentsögusetur, Laugavegur 29B, kl 09:00.

**Mættir:** Haukur Már Haraldsson, Tryggvi Þór Agnarsson, Grímur Kolbeinsson, Katrín Jónsdóttir og Þór Agnarsson, forföll Hjörtur Guðnason

### **Dagskrá fundar:**

1. Staðan í Skálholti.
2. Fjármál.
3. Húsnæði fyrir Prentsögusetur; leiðir til að afla fjár.
4. Önnur mál

#### **1. Staðan í Skálholti.**

Verið er að vinna á fullu við sýningarrýmið og má ætla að við fáum afhent fyrir haustið. Verið er að afla tilboð varðandi glerskápa, undirstöður og ljóskastara.

#### **2. Fjármál:**

Staðan er býsna góð fjárhagslega og hefur fjölgun félagsmanna gengið framur öllum vonum um það bil 56 nýir félagsmenn frá aðalfundi og á Svanur allan heiðurinn af því. Innheimta félagsgjalda er einnig mjög góð.

#### **3. Húsnæði fyrir Prentsögusetur; leiðir til að afla fjár.**

Nú er komið að því að gera atögu að því að koma upp aðstöðu fyrir safn Prentsöguseturs til frambúðar. Kanna þarf áhuga allra þeirra sem við höldum að geti hjálpað okkur við að afla fjár eða aðstoðað okkur á annan hátt. Drög að bréfi til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana liggur fyrir og er í skoðun hjá stjórnarmönnum fram yfir helgi.

Ennfremur kom upp hugmynd um að bjóða borgarfulltrúum allra flokka í heimsókn og kann hvort eitthvað húsnæði komi upp í huga þeirra sem Gamla prentsmiðjan gæti fengið að nýta. Einnig að bjóðast til að taka á móti grunnskólanemendum í heimsóknir og tengja slíkar heimsóknir við lestraráskorun.

#### 4. Önnur mál:

Verksamningur liggur fyrir milli Prentsöguseturs og Björns G. Björnssonar um hönnun sýningarinnar að Skálholti og voru menn samþykkir honum, Katrín bað um að skoðað yrði eitt atriði vegna hugverks. Samningurinn verður undirritaður eftir að fundinum lýkur.

Fundi slitið 10:10

Grímur Kolbeinsson, ritari